



VINNUMIÐLUN
UNGS FÓLKS

Rafbrót

Fréttabréf MF - 1bréf
Júní 2007



HITT HÚSIÐ



Ungt fólk á flugi

Hitt húsið er menningar- og upplýsingamiðstöð ungs fólks á aldrinum 16-25 ára.

Nú er sumarstarfið komið á fullt skrið og er eins og undanfarin ár afar veigamikilið og margt um að vera.

Sumarhópur Vinnumiðlunar Ungs fólks

Í Vinnumiðlun ungs fólks verður starfandi í fyrsta skipti sumarhópur, en hlutverk sumarhópsins er að skipuleggja viðburði og gefa út 4 rafræn fréttabréf sem send verða til sumarstarfsmanna Reykjavíkurborgar á aldrinum 17 – 25 ára. Sumarhópurinn mun kynna sér hin ýmsu mál er varða atvinnuþátttöku ungmenna og viðburðirnir yfir sumarið munu tengjast þessu á einhvern hátt.

Föstudagsfiðrildin eru komin á flug

Eitt af fjölmörgum verkefnum Hins hússins eru Skapandi sumarstörf. Ungu fólki gefst kostur á að sækja um og koma með hugmyndir að skapandi sumarverkefnum sem að þau fá síðan tækifæri til að vinna að í 6-8 vikur. Allir hóparnir standa fyrir þremur svokölluðum Föstudagsfiðrildum í miðbæ Reykjavíkur í sumar. Næsta fiðrildi verður þann 29. júní milli kl. 12 og 14 svo enginn ætti að láta listina fram hjá sér fara.

Götuleikhús Hins hússins verður svo á sínum stað í sumar undir leikstjórn Jóns Gunnars Þórðarsonar. Leikhúsið mun glæða götur og torg borgarinnar lífi og hvetjum við fólk til þess að kíkja í miðbæinn í sumar og njóta leikhússins sem og annara viðburða.

Lokaflug sumarstarfsins, Vængjasláttur hópanna, verður síðan í Ráðhúsi Reykjavíkur þann 19. júlí. Frekari upplýsingar um uppákomur sumarsins má finna hér í fréttablaðinu undir "Á döfinni" eða á heimasíðu Hins hússins www.hitthusid.is

- Á DÖFINNI -

- 29. júní - kl. 12:00-14:00
Föstudagsfiðrildi Skapandi
sumarhópa í miðbænum.
- 3. júlí - kl. 17:00 - 19:00
Vissir þú?
Fyrir unga félags-
menn Starfmannafélags Rvk.
- 4. júlí - kl. 17:00 - 19:00
Vissir þú?
Fyrir unga félags-
menn Eflingar.

Mynd vikunnar



Spurning vikunnar

Veistu hvaða stéttarfélagi þú tilheyrir?



Nafn: Erik Chaillot

Staða: Tækjavörður í Fjölskyldugarðinum.

Nei, ég get ekki sagt það.



Nafn: Jón Guðjónsson

Staða: Tækjavörður í Fjölskyldugarðinum.

Nei.



Nafn: Pálmar Ragnarsson

Staða: Verkstjóri í Fjölskyldugarðinum.

Ég hef ekki hugmynd



Nafn: Sonja Pálsdóttir

Staða: Tækjavörður í Fjölskyldugarðinum.

Nei.



Nafn: Elva Dögg Pálsdóttir

Staða: Verkstjóri í sjoppu.

VR held ég.

Vissir þú ?

Veistu í hvaða stéttafélagi þú ert? Viltu vita meira um réttindi þín og skyldur? Finnst þér gaman að hlæja?

„Vissir þú“ er námskeið fyrir unga starfsmenn hjá Reykjavíkurborg. Haldin verða tvö námskeið, annars vegar fyrir þá sumarstarfsmenn sem eru félagsmenn í Starfsmannafélagi Reykjavíkur, þann 3. júlí og hinsvegar fyrir félagsmenn Eflingar, þann 4. júlí. Tilgangur námskeiðanna er að fræða unga starfsmenn um réttindi sín og skyldur.

Námskeiðin innihalda tvær stuttar fræðslur, annars vegar kemur Elísabet Pétursdóttir frá Vinnumiðlun ungs fólks og segir frá starfsemi VUF og hins vegar kemur fulltrúi frá hvoru stéttafélagi og fræðir viðstadda um réttindi og skyldur ungra félagsmanna. Eftir stutta fræðslu verður þátttakendum boðið að taka þátt í hláturjoga. Einnig verður boðið upp á léttar veitingar.

Skráðu þig sem fyrst á [vuf@vuf.is!](mailto:vuf@vuf.is)
Takmarkað pláss!

Við skráningu skal taka fram nafn og vinnustað.

Automatos



Ljósmyndasafn Reykjavíkur er eina sjálfstætt starfandi ljósmyndasafnið á landinu, stofnað árið 1981. Það er staðsett á Tryggvagötu 15, 6.hæð. Markið þess er að vekja áhuga sem flestra á menningarlegu hlutverki ljósmyndunar. Í sumar er margt spennandi í gangi í Ljósmyndasafni Reykjavíkur meðal annars sýning Páls Stefánssonar, Rax og Olaf Otto Becker, Automatos.

Nafn sýningarinnar Automatos þýðir “það sem verður til innan frá og breiðir úr sér eða springur út” og á það mjög vel við þessa sýningu. Sýningin á að endurspeglar nútíma landslagsljósmyndun. Hið ósnorta landslag var lengi vinsælt til ljósmyndunar en í dag er aðalmarkmiðið að finna breytileika náttúrunnar. Á sýningunni eru fjölbreyttar myndir þar sem leikið er með að taka myndir bæði af “hreinni” náttúru og einnig þar sem mannhöndin hefur gripið inni með byggingu t.d. virkjana á hálendinu.

Sýningin mun vera til 9. ágúst, og er opnunartímar safnins á virkum dögum frá 12-19 og um helgar frá 10-16. Við hvetjum alla til að láta þessa sýningu ekki framhjá sér fara.

Kaffi Hljómalind

Viðtal við Björgu Sveinbjörnsdóttur starfsmann



Hvernig var Kaffi Hljómalind til?

Já, Það voru nokkrir saman til að byrja með úr jóga hreyfingunni Ananda Marga sem vildu stofna kaffihús þar sem væri ekkert aldurstakmark og ekkert áfengi, en samt einhverskonar tómsundaiðja eins og tónleikar fyrir ungt fólk. Kaffihúsið er líka rekið af stefnunni P.R.O.U.D., sem er búin til af gúru í Amanda Marga hreyfingunni, sem snýst um að það er samvinnuríki og svokallað "fair trade" til að búa til réttlátari heim.

Hvert er helst markmiðið með þessari tegund kaffihúss?

Það er náttúrulega að hafa lífrænt og elda út frá Amanda Marga mataræðinu sem sagt ekki sveppir, laukur, hvítlaukur né dýr svo þetta er alltaf að verða meira og meira vegan en er það samt ekki. Búa til stað þar sem hægt er að fá lífrænt og náttúruvænt umhverfi í bland við tómsundaiðju og sýna fram á rekstrarfyrirkomulag sem er ekki kapítalískt í hugsun. Hérna er samvinnuríki svo að allir sem vinna hérna eiga samkvæmt stefnunni að vera eigendur og það er engin yfirmaður svo vinnunni hér er skipt í ábyrgðir svo allir taka ábyrgð á sínum verkefnum. Reglulega eru haldnir fundir þar sem fyrirkomulegið er þannig að allir þurfa að vera sammála þannig að Kaffihúsið er lýðræðislega rekið í kapítalískum heimi.

Hver er helsti markhópurinn ?


Ég held að það séu bara allir. Náttúrulega allir sem vilja fá lífrænt og frekar ódýrt, við erum oft með lægri verð en aðrir eða allavega svipuð. Ungt fólk sem getur ekki komist annars staðar inn má t.d. halda tónleika ókeypis, þar sem við erum með hljóðkerfi og allt sem þarf til þess.

Hver fjármagnaði starfsemina til að byrja með?

Stofnendurnir fjármögnuðu þetta bæði úr sínum eigin vasa og svo man ég að það var haldin rosalega stór fatamarkaður á menningarnótt fyrir tveimur árum til að safna pening.

Hvað er á döfinni?

Það eru mjög oft tónleikar á kvöldin og næst er menningarhátíðin Rökkurlopi.



Hafa samband:

www.vuf.is — vuf@vuf.is
S. 411-5517

Ritstjórn:

Sumarhópur VUF